

# PRÓF til viðurkenningar bókara

## III. HLUTI

### Raunhæft verkefni

Prófnúmer próftaka: .....

**Námsgrein til prófs:** *Raunhæft verkefni í skattskilum, reikningshaldi og upplýsingatækni og er vægi hvers hluta þannig að skattskil gilda 33,33%, reikningshald gildir 44,44% og upplýsingatækni gildi 22,22%.*

**Prófdagur:** 17. desember 2015 **Kl.:** 12-17

**Próftími alls:** 5 tímar

**Prófblöð**  
**vegna þessa**  
**hluta**  
**prófsins,**  
**þmt. forsíða)**  
**: 13**

**Leyfileg hjálpargögn:** Öll hjálpargögn á pappír leyfileg en ekki internet tenging og engin rafræn gögn **Fylgiblöð:** Skattframtal

**Leiðbeiningar:** Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar og farðu vandlega yfir úrlausnir áður en þú skilar þeim inn.

**Prófið fer fram í tölvuveri og úrlausnum skal skilað á rafrænu formi.**

**Prófi er skilað í Excel og sýna skal alla útreikninga.**

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ÖLL PRÓFBLÖÐ OG ALLAR PRÓFARKIR SKAL SKILMERKILEGA AUÐKENNA MEÐ PRÓFNÚMERI.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

## Verkefni 1 – 12% (36 mínútur)

### Krossasurningar

Jafnt vægi er á hverri krossasurningu (1,2% hver kross) og ekki er dregið frá fyrir rangt svar.

1. Hella ehf. seldi eigin bréf á árinu að nafnverði kr. 1.000.000 á genginu 6. Færsla í bókhaldi hjá Hellu ehf. verður því :
  - a) Kr. 6.000.000 debet á banka og kr. 6.000.000 kredit á hlutafé.
  - b) Kr. 6.000.000 debet á banka og kr. 1.000.000 kredit á eigin hlutabréf og kr. 5.000.000 kredit á yfirverðsreikning hlutafjár
  - c) Kr. 6.000.000 debet á banka og kr. 1.000.000 kredit á hlutafé og 5.000.000 kredit á hlutabréfaeign
  - d) Kr. 3.000.000 debet á banka og kr. 3.000.000 kredit á óráðstafað eigið fé
  - e) Ekkert af ofangreindu.
2. Ef birgðir nema kr. 550.000 í upphafi árs og í lok árs nema þær kr. 840.000 og kostnaðarverð seldra vara á árinu nemur kr. 1.120.000, hver eru þá innkaup ársins ?
  - a) 290.000
  - b) 830.000
  - c) 1.410.000
  - d) Ekkert af ofangreindu
3. Eigið fé Mottu ehf. þann 31.12.2014 nam kr. 1.400.000. Tap ársins 2015 nam kr. 600.000. Á árinu 2015 var hlutafé aukið um kr. 200.000. Eigið fé félagsins þann 31.12.2015 nam kr. 700.000. Hve hár var sá arður sem greiddur var úr félaginu árið 2015 ?
  - a) 300.000
  - b) 1.500.000
  - c) 1.000.000
  - d) 100.000
  - e) Ekkert af ofangreindu
4. Bókfærðar birgðir í ársreikningi Skips ehf. í árslok 2014 voru 20 milljónir króna og þar af var varúðaniðurfærsla birgða kr. 5 milljónir króna. Hver er sú fjárhæð sem Skipi ehf. er heimilt að niðurfæra birgðir sínar að hámarki skv. tekjuskattslögum?
  - a) 1.500.000
  - b) 5.000.000
  - c) 1.250.000
  - d) 1.000.000
  - e) Ekkert af ofangreindu

5. Einkahlutafélag úti á landi kaupir íbúðarhúsnæði til þess að leigja framkvæmdastjóra sínum. Félagið veltir fyrir sér hvað eigi við um fyrningu fasteignarinnar.
- a) Fyrnist með 1-3% fyrningu ár hvert en ekki fyrsta árið
  - b) Fyrnist með 1-3% fyrningu ár hvert en ekki niður fyrir 10% af stofnverði
  - c) Fyrnist með 7,5-10% fyrningu ár hvert en ekki fyrsta árið
  - d) Eignin er ekki fyrnanleg
6. Aðalbókari Tímarits ehf. er að útbúa verktakamiða vegna kostnaðar ársins 2015 og leitar til þín vegna ráðgjafar við skil á verktakamiðum. Tímarit ehf. gjaldfærði lögfræðikostnað á árinu 2015 vegna þjónustu frá Lögfræðistofu ehf. að fjárhæð kr. 100.000 án vsk. Hvaða fjárhæð ætti aðalbókari Tímarits ehf. að skrá á innsendan verktakamiða?
- a) 100.000
  - b) 124.000
  - c) 107.000
  - d) 125.500
7. Fyrirtækið Haf ehf. er með eitt óverðtryggt langtímalán og er staða þess í árslok 2015 kr. 750.000. Vaxtaþrósentu lánsins er 8,0% og síðast var greitt af láninu 1. desember. Hverjir eru áfallnir vextir í ársreikningi félagsins?
- a) 5.000
  - b) 10.000
  - c) 8.000
  - d) 60.000
  - e) 30.000

8. Eigandi félagsins Gata ehf. kemur að máli við þig og óskar aðstoðar þinnar vegna hugsanlegrar arðsúthlutunar á árinu 2015 úr félaginu. Hann sýnir þér neðangreindan kafla úr efnahagsreikningi ársins 2014 :

<b>Eigið fé skv. ársreikningi 2014</b>	
Hlutafé	500.000
Yfirverðsreikningur hlutafjár	3.000.000
Lögbundinn varasjóður	125.000
Sérstakt endurmat	1.000.000
Óráðstafað eigið fé	1.250.000
<b>Eigið fé alls</b>	<b>5.875.000</b>

Hver er sú hámarksfjárhæð arðs sem mögulegt er að greiða úr félaginu á árinu 2015 ?

- a) 5.875.000
  - b) 2.250.000
  - c) 1.250.000
  - d) 5.325.000
9. EBITDA hjá Gunnvör ehf. árið 2014 var kr. 1.800.000 og rekstrarhagnaður var kr. 1.300.000 og hagnaður ársins var kr. 300.000. Hverjar voru afskriftir ársins ?
- a) 1.500.000
  - b) 500.000
  - c) 3.400.000
  - d) 1.000.000
  - e) Ekkert af ofangreindu
10. Sala ársins 2014 hjá Grímu ehf. var kr. 10.500.000 og meðalstaða krafna á árinu 2014 var kr. 1.900.000. Hver er innheimtutími krafna í dögum á árinu 2014 (ath 365 dagar í árinu) :
- a) 80
  - b) 146
  - c) 73
  - d) 66
  - e) 200

## Verkefni 2 – 6% (18 mínútur)

### Skattframtal lögaðila :

Hér að neðan eru 10 liðir úr bókhaldi fyrirtækis. Tilgreinið í hvaða reiti á skattframtali lögaðila RSK 1.04 þeir eiga að fara. Í fylgiskjali er eyðublaðið RSK 1.04 til aðstoðar.

Endanlega afskrifaðar viðskiptakröfur í 24,0% þrepi
Bifreiðahlunnindi
Sala til útlanda án vsk.
Ógreiddur lífeyrissjóður
Húsaleiga án vsk. (kostnaður)
Söluhagnaður fastafjármuna
Bifreiðaeign
Ógreiddur virðisaukaskattur
Kostnaður kaffistofu
Afdreginn fjármagnstekjuskattur

## Verkefni 3 – 14% (42 mínútur)

### Tekjuskattstofn:

Í meðfylgjandi svarblaði er fyrirbyggjandi rekstrarreikningur ársins.

Verkefni þitt er að draga fram tekjuskattstofn og reikna tekjuskatt fyrir Óðinn ehf. fyrir árið 2014, miðað er við að tekjuskattstofn sé lágmarkaður. Gerið ráð fyrir að fyrirtækið hafi einnig beitt öllum ráðum til að lágmarka skattstofn sinn á fyrra ári. Fyrirtækið gerir upp samkvæmt skattaáðferð. Óðinn ehf. gjaldfærði útvarpsgjald á árinu 2014 að fjárhæð kr. 19.400.

1. Upplýsingar úr efnahagsreikningi: viðskiptakröfur í upphafi árs kr. 15.000.000, viðskiptakröfur í lok árs kr. 18.000.000. Varúðarniðurfærsla krafna (bókhaldsleg) í upphafi árs nam kr. 2.500.000 og í lok árs kr. 3.000.000.
2. Á árinu 2014 gaf félagið Óðinn ehf. kr. 750.000 til Mæðrastyrksnefndar og gjaldfærði kostnaðinn á meðal skrifstofu og stjórnunarkostnaðar.
3. Undir liðnum aðrar tekjur er m.a. færður söluhagnaður vegna verslunarhúsnæðis sem selt var á árinu. Húsnæðið var keypt árið 2012 á kr. 18.000.000 og hefur síðan verið afskrifað með leyfilegri hámarksfyrningu skv. skattalögum en söluverðið árið 2014 var kr. 22.000.000.
4. Í upphafi ársins 2014 átti félagið hlutabréf í Visku ehf. að nafnvirði kr. 100.000 en heildarhlutafé í Visku ehf. er kr. 500.000. Á árinu seldi Óðinn ehf. helming bréfa sinna í Visku ehf. Söluverð bréfanna var kr. 700.000 og upphaflegt kaupverð þeirra hlutabréfa sem voru seld nam kr. 400.000 og hefur hagnaðurinn verið færður undir liðnum fjármunatekjur í rekstrarreikningi.
5. Félagið úthlutaði arði til eiganda sinn að upphæð kr. 500.000 og lækkaði hlutafé um kr. 200.000.

Í svari skal vísa til þeirra lagagreina og / eða reglugerðarákvæða sem við eiga hverju sinni.

## Verkefni 4 – 7% (21 mínútur)

### Virðisaukaskattur:

Grænland ehf. er að undirbúa skil á síðustu virðisaukaskattsskýrslu vegna nóvember og desember 2015. Fyrir liggur að skýrslur vegna janúar til og með október eru í samræmi við bókhaldið og því ekki þörf á að skila inn leiðréttingarskýrslu. Verkefni þitt er að finna út hvernig skýrslan vegna nóvember og desember eigi að líta út og fylla það inn í skyggðu reitina. Meðfylgjandi eru upplýsingar þér til aðstoðar við það.

### Virðisaukaskattsskýrslur 2015

		01 - 02	03 - 04	05 - 06	07 - 08	09 - 10	11 - 12	ALLS
Sala 24,0%	A	5.600.000	4.875.000	5.500.000	6.260.870	6.615.385		28.851.254
Sala 7%	B	0	0	0	0	0		0
Undanþegin	C	0	2.000.000	0	1.000.000	0		3.000.000
Útskattur	D	1.366.400	1.189.500	1.342.000	1.527.652	1.614.154		7.039.706
Innskattur	E	1.350.000	1.155.000	1.250.000	580.000	1.350.000		5.685.000
Til greiðslu	F	16.400	34.500	92.000	947.652	264.154	0	1.354.706

Meðfylgjandi eru upplýsingar úr aðalbók félagsins á árinu (janúar til desember). Auk þess liggur fyrir að keypt var fasteign að fjárhæð kr. 15.000.000 með 24,0 % virðisaukaskatti í desember.

Númer	Heiti	Staða
1110	Seldar vörur með 24,0% vsk	(38.800.000)
1105	Seldar vörur (útflytningur)	(4.320.000)
1120	Húsaleigutekjur með 24,0% vsk	(680.000)
2110	Innkaup með 24,0% vsk	14.800.000
2110	Erlend innkaup án vsk	800.000
2310	Launakostnaður	6.437.824
2430	Launatengd gjöld	2.583.266
3210	Auglýsingar með vsk	1.920.000
3510	Rafmagn með 24,0% vsk	854.709
3520	Hiti með 7% vsk	204.971
3530	Húsaleiga með 24,0% vsk	3.080.000
3590	Viðhald húsnæðis með 24,0% vsk	1.928.000
3620	Bensín vegna bifreiðar forstjóra m. 24,0% vsk.	150.000
3810	Ritföng með 24,0% vsk	712.000
3811	Símakostnaður með 24,0% vsk	448.000
3813	Þjónustugjöld án vsk	57.728
3816	Kaffikostnaður með 24,0% vsk.	268.000
3872	Tölvuþjónusta með 24,0% vsk	685.944
3880	Endurskoðun með 24,0% vsk	364.800
3881	Áskriftir með 7% vsk	100.320
3888	Tryggingar	449.899
3900	Tapaðar kröfur með 24,0% vsk	320.000
4120	Afskriftir	353.346
5140	Vaxtatekjur	(984.093)
5217	Vaxtagjöld	4.601.847

## Verkefni 5 – 9% (27 mínútur)

### Laun og staðgreiðsla

Guðmundur Jónsson er starfsmaður Halla ehf. Laun hans í nóvember 2015 námu kr. 1.000.000. Hann greiðir lögbundið iðgjald í lífeyrissjóð og einnig greiðir hann 4% í viðbótarlífeyrissjóð. Hann nýtir skattkort sitt að fullu hjá Halla ehf. Guðmundur fékk dagpeninga vegna nóvember 2015 að fjárhæð kr. 90.000 vegna vinnuferðar til London en þeir voru greiddir í samræmi við reglur RSK. Framlag í starfsmannafélag er kr. 1.000 á mánuði.

Staðgreiðslu er skipt í 3 þrep. Fyrstu kr. 309.140 bera 37,30% skatt, næstu kr. 527.264 bera 39,74% skatt og þriðja þrepið er með 46,24% skatt. Persónuafsláttur einstaklings nemur kr. 50.902 á mánuði og tryggingagjald á árinu 2015 er 7,49%.

Verkefni þitt er að færa viðeigandi færslur í bókhaldi Halla ehf. vegna launagreiðslu Guðmundar í nóvember árið 2015 en til þess þarftu m.a. að finna þann stofn sem staðgreiðsla hans er reiknuð af ásamt því að finna stofn til útreiknings tryggingagjalds. Gerðu ráð fyrir að laun Guðmundar hafi verið greidd 1. desember 2015.

Meðfylgjandi eru þeir bókhaldslyklar sem gætu komið til greina við bókun á launum Guðmundar:

3100	Laun
3200	Tryggingagjald
3210	Lífeyrissjóðsframlag
3211	Sjóðagjöld - mótframlag
3212	Dagpeningar
3213	Bifreiðahlunnindi
3214	Mótreikningur bifreiðahlunninda
3215	Ökutækjastyrkur
3310	Tryggingar starfsfólks
3340	Kaffikostnaður
3350	Vinnufatnaður
9410	Ógreidd laun
9412	Ógreiddur lífeyrissjóður
9430	Ógreidd staðgreiðsla
9440	Ógreitt tryggingagjald
9450	Starfsmannafélag

## **Verkefni 6 – 5% (15 mínútur)**

### Kennitölur

Á næstu blaðsíðu eru rekstrareikningur og efnahagsreikningur fyrir Fjall ehf. vegna áraanna 2012-2014. Verkefni þitt er að reikna eftirfarandi kennitölur vegna áraanna 2013 og 2014 :

- a) Veltuhraði viðskiptakrafna
- b) EBITDA
- c) Arðsemi eigin fjár
- d) Skuldahlutfall
- e) Veltufjárhlutfall



<b>Rekstrarreikningar áráanna 2012-2014</b>					
			<b>2014</b>	<b>2013</b>	<b>2012</b>
Sala			942.120	912.582	898.504
Kostnaðarverð seldra vara			(612.600)	(606.573)	(616.032)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður			(72.000)	(70.785)	(67.704)
Annar rekstrarkostnaður			(79.680)	(85.305)	(85.808)
Afskriftir			(13.200)	(10.890)	(11.160)
Vextir			(9.120)	(9.801)	(11.036)
Skattar			(31.200)	(25.410)	(21.080)
Hagnaður ársins			124.320	103.818	85.684
<b>Efnahagsreikningar áráanna 2012-2014</b>					
<b>Eignir</b>			<b>31/12 14</b>	<b>31/12 13</b>	<b>31/12 12</b>
Fastafjármunir:					
Varanlegir rekstrarfjármunir			205.282	171.600	145.200
Verðbréf			53.320	23.000	13.200
			258.602	194.600	158.400
Veltufjármunir:					
Birgðir			50.654	50.050	44.880
Viðskiptakröfur			68.250	70.785	55.440
Handbært fé			45.989	11.116	24.420
			164.892	131.951	124.740
<b>Eignir samtals</b>			<b>423.494</b>	<b>326.551</b>	<b>283.140</b>
<b>Eigið fé og skuldir</b>					
Eigið fé:					
Hlutafé			10.000	10.000	10.000
Óráðstafað eigið fé			343.946	219.626	115.808
			353.946	229.626	125.808
Skuldir:					
Langtímaskuldir			12.760	62.356	98.033
Næsta árs afborganir			(4.615)	(6.456)	(8.909)
			8.145	55.900	89.124
Ýmsar skammtímaskuldir			56.788	34.569	59.299
Næsta árs afborganir			4.615	6.456	8.909
			61.403	41.025	68.208
Skuldir samtals			69.548	96.925	157.332
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>			<b>423.494</b>	<b>326.551</b>	<b>283.140</b>

## Verkefni 7 – 5% (15 mínútur)

### Sjóðstreymi :

Úlfur ehf. er að vinna að gerð sjóðstreymis í ársreikningi 2014. Aðalbókari félagsins hefur stillt upp beinagrind að sjóðstreymi og hefur tekist að leiða út sjóðstreymi félagsins fram að handbæru fé. Hann biður þig að aðstoða sig við að ljúka við sjóðstreymið. Hann upplýsir að keypt var bifreið á árinu að fjárhæð kr. 600.000 sem var að fullu fjármögnuð með langtímaláni. Auk þess var gefið út nýtt hlutafé að fjárhæð kr. 600.000 ásamt því að Úlfur ehf. fékk greiddan arð fjárhæð kr. 200.000 frá dótturfélagi sínu Sauðagæru ehf.

Verkefni þitt er að setja inn þessar 4 fjárhæðir á réttan stað með réttu formerki inn í sjóðstreymið ásamt viðeigandi skýringum. Tilgreindu auk þess handbært fé 31/12.

Beinagrindin er hér að neðan.

<b>Rekstrarhreyfingar</b>	
Hagnaður ársins	250.000
<i>Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á handbært fé</i>	
Afskriftir	60.000
Gengismunur lána	50.000
Söluhagnaður eigna	-30.000
Hreint veltufé frá rekstri	330.000
<i>Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum</i>	
Hækkun birgða	-40.000
Lækkun skammtímakrafna	60.000
Hækkun skammtímaskulda	30.000
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>380.000</b>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>	
	0
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>	
	0
Br. á handbæru fé	380.000
Handbært fé 1/1	100.000
Handbært fé 31/12	

## Verkefni 8 – 15% (45 mínútur)

Excel :

Í vinnuskjalinu í tölvunni eru flipar sem auðkenndir eru með 8a, 8b, 8c og 8d. Verkefnið er :

- a) (1%) Raðið prófjöfnuðinum þannig að lyklar komi í röð eftir númeri.  
(1%) Eins og sést eru margir aukastafir á fjárhæðunum í dálki D. Notið fall sem excel býður upp til að minnka aukastafina niður í 2 og setjið svarið við hliðina á upprunalegu fjárhæðunum (hér er ekki átt við að fara í format cells og fækka aukastöfum þar). Sýnið niðurstöður í F dálki  
(1%) Notið fall sem excel býður upp á til að finna fjölda bókhaldslykla í prófjöfnuðinum (Setjið svarið í reit C 90).
- b) (3%) Notið fallið VLOOKUP til að birta heiti á lykli nr. 11200 (setjið svarið í reit D38).  
(2%) Notið fallið IF til að birta „hlutafé“ sem flokkun í ársreikningi í dálki E en „NEI“ birtast ef flokkun í ársreikningi er önnur. Sýnið niðurstöður í dálki F.  
(2%) Notið fallið SUMIF til að leggja saman allar fjárhæðir sem tilheyra yfirflokki 10 í dálki A (Setjið svarið í reit D39)
- c) (3%) Takið listann og gerið úr honum pivot töflu þannig að pivot taflan endi í nýju „sheeti“. Endurskýrið sheetið „Pivot“. Formið töfluna með því að velja svæði (field) þannig að hún líti út eins og hér að neðan :

Row Labels	Sum of Staða
<b>Aðrar skammtímakröfur</b>	<b>25.824</b>
13610	-2
14215	7.862
14350	23.778
22100	-5.814
<b>Afskriftir fastafjármuna</b>	<b>784</b>
46051	784
<b>Annar rekstrarkostnaður</b>	<b>68.967</b>
45326	22.000
45432	18.207
45890	27.891
49400	869
<b>Grand Total</b>	<b>95.576</b>

- d) (2%) Notið fallið IRR til að finna innri ávöxtun eftirfarandi verkefnis : Fyrirtæki fjárfestir fyrir kr. 30.000.000 og fær kr. 7.000.000 á ári í tekjur næstu 7 ár. Innri ávöxtun er prósentu sem lýsir því hver ávöxtun tiltekins fjárflæðis.

## Verkefni 9 – 27% (81 mínútur)

### Ársreikningur :

Verkefni þitt er að stilla upp ársreikningi (rekstrarreikningur og efnahagsreikningur, ekki sundurliðanir) fyrir Kaktus ehf. fyrir árið 2014. Aðalbók félagsins liggur fyrir (sjá fylgiskjal og ársreikningsform) en eftir er að gera nokkrar lokafærslur sem tengjast neðangreindum athugasemdum. Fylgiblöð með þessu verkefni eru fyrningaskrá þar sem búið er að setja inn heiti eigna og aðalbókin þar sem búið er að setja upp dálka vegna færslna í debet og kredit og lokastöðu en eftir er að setja inn formúlur í dálkinn lokastaða. Að lokum er form fyrir ársreikning. Ath. að 7% hluti þessa verkefnis tengist excel hluta prófsins og felst í að sýna kunnáttu í excel, einkum varðandi að tengja ársreikninginn við aðalbókina með skýrum hætti (ekki innsláttur talna, heldur sækja tölurnar úr aðalbókinni yfir í ársreikninginn) og að útreikningar séu sýndir með skýrum og aðgengilegum hætti og frágangur vandaður.

1. Eftir er að færa fyrningar ársins. Félagið beitir svokallaðri línulegri afskrift (ekki skattalegri) á rekstrarfjármuni sína. Eina fjárfesting ársins var sú að félagið keypti í desember sendibíl fyrir kr. 3.500.000 þar sem gamli sendiferðabíllinn sem keyptur var í upphafi árs 2012 á kr. 1.000.000 var seldur í desember 2014 að verðmæti kr. 800.000. Söluverðmæti bílsins var greitt út í byrjun janúar 2015. Áætlaður líftími sendibíllanna er 8 ár og hrakvirði þeirra 10% af upphaflegu kaupverði. Fasteign félagsins var keypt í upphafi árs 2013 á kr. 20.000.000 og áætlað hrakvirði hennar er kr. 3.500.000 og áætlaður líftími hennar 25 ár. Skrifstofuáhöld og tæki samanstanda af tölvubúnaði sem var keyptur árið 2012 að fjárhæð kr. 6.000.000, en hann hefur ekkert hrakvirði. Áætlaður líftími skrifstofubúnaðar er 5 ár.

Búið er að setja upp fyrningaskýrsluna að hluta í fylgiskjali og þarft þú að ljúka við hana.

2. Langtímalán 10200 er verðtryggt og í árslok 2014 eru 180 mánaðar afborganir eftir af láninu. Nafnverð eftirstöðva þann 31.12.2014 er kr. 10.500.000 og eru vísitölur þann 1. desember 2014 423,2 og þann 1. janúar 2015 421,0 en grunnvísitala lánsins er 384,6. Búið er að færa áfallna vexti vegna lánsins.

3. Á biðreikningi (nr. 8920) stendur fjárhæðin kr. 1.000.000 en hún er þannig tilkomin að bókarí félagsins færði útgreiddan arð til hluthafa í desember 2015 og var ekki viss hvernig færa skuli arðinn rétt til bókar. Fjárhæðin kr. 1.000.000 samanstendur af því sem hluthafarnir fengu greitt ásamt fjármagnstekjuskatti sem félagið á eftir að skila til ríkisins í febrúar á næsta ári.

4. Á meðal rekstrarkostnaðar var bókaður kostnaður við tryggingar að fjárhæð kr. 2.000.000 en skv. útgefnum reikningi frá tryggingafélaginu er um að ræða tryggingar vegna tímabilsins.01.07.2015-30.06.2016.

5. Eftir er að færa birgðabreytingu ársins en birgðir félagsins í árslok voru eftirfarandi :

	Magn	Kostnaðarverð	Dagverð
Vara 1	4200	2400	2200
Vara 2	3600	3100	3400
Vara 3	3100	3200	3200
Vara 4	3600	2000	1900

Ekki þarf að bæta við bókhaldslyklum í prófjöfnuðinn.

Ábending : ekki þarf að huga að tekjuskatti í þessu verkefni, þ.e. sú fjárhæð sem færð er á tekjuskatt skal standa þannig óbreytt.